



Stjórnarfundur SÍM 13. júní 2024

Kl 16:00

Mætt: Anna Eyjólf, Hlynur Helgason, Anna Rún, Helga Óskarsdóttir, Pétur Thomsen

Gestir: Lísá Björg og Ingibjörg Gunnlaugsdóttir

Dagskrá:

Skipta verkum

Varaformaður verður áfram Hlynur Helgason. Ritari verður Anna Rún Tryggvadóttir. Vara ritari er Beta. Fundargerðir verða yfirfarnar í lok fundar hverju sinni og birtar á vefsíðu SÍM.

Velja fundardaga og tíma og ákveða næsta fund

Fundir eru haldnir alla jafna einu sinni í mánuði. Næsti fundur verður haldinn 29. ágúst kl 16.00 ásamt formönnum fagfélaganna. Fundur með stjórn hefs kl 15.30 í Hafnarstræti 16. Á þeim fundi verður ákveðið fundardaga og tíma í vetur.

Tilnefning í valnefnd Listamannalauna

Í núverandi valnefnd eru Hlynur Helgason, Guðrún Pálína og Kristín Morthens.

Tilnefning til áframhaldandi setu í valnefnd listamannalauna næsta ár er Hlynur Helgason og Kristín Morthens, að öðrum kosti verður haft samband við Guðrúnu Pálínu.

Tillögur stjórnar um nýjan aðila í valnefnd: Emma Hreiðarsdóttir, Margrét Áskels og Karl Ómar. Sent verður staðfesting í tölvupósti þegar svör hafa borist frá tilnefndum aðilum.

Tilnefningar fyrir samkeppnir - Ingibjörg

Hjúkrunarheimilið á Höfn í Hornafirði - Forvalsnefnd: Inga Jóns, Hanna, Sindri Leifs. Dómnefnd: Karl Ómar, Kristín Guðmunds

Grensásvegur 1 - Forvalsnefnd: Carl Boutard, Sirra Sigrún og Rósa Gísladóttir. Dómnefnd - Anna Rún.

Hús Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands - Forvalsnefnd: Helga Óskarsdóttir. Dómnefnd: Guðrún Kristjáns, Sigurður Atli

Hjúkrunarheimilið í Boðarþingi í Kópavogi - Forvalsnefnd: Hulda Ágústsdóttir, Logi Bjarnason, Unnar Örn. Dómnefnd: Örn Alexander, Anna Júlía, Ásgerður Birna.

Listasafn Reykjanes (bréf)

Stjórn SÍM harmar þá atburðarás sem átti sér stað við uppsetningu á sýningu Bryndísar Hrannar og Listasafns Reykjaness. Ljóst er að eitthvað hefur ekki gengið sem skyldi og stjórn SÍM leggur til að til þess að forðast svona atburði í framtíðinni þurfi greinilega að liggja fyrir skýrar verklagsreglur um samskipti safna og listamanna um framkvæmd og uppsetningu sýninga. Skoðaður verði möguleiki á því að efla til málþings um samskipti listamanna og safna á haustmánuðum með sérfræðingum og fagaðilum úr myndlistar- og safna umhverfinu í samvinnu

við Samtök listasafna á Íslandi. Haft verður samband við formann Samtaka listasafna á Íslandi, Aldísi Arnardóttur og athugað hvaða verklagsreglur eru til staðar.

Ákvörðun um félagsfund

Félagsfundur SÍM verður haldinn laugardaginn 21. september kl 14:00 á Korpúlfsstöðum. Á dagskrá er innganga sýningarstjóra og listfræðinga í SÍM.

Önnur mál

Ályktun aðalfundar (bréf)

Formaður greinir frá svarbréfi Listasafnsins á Akureyri og fer í framhaldinu á fund með núverandi safnstjóra, Hlyni Hallssyni.

Ákvörðun sölu á listaverkum til kaupa á ljósum á Korpúlfsstöðum

Formaður viðrar hugmynd um sölu á listaverkum sem gefin voru SÍM félagsins til hagsbóta, að þau verði seld til að standa undir kostnaði við betrubættun á lýsingu á Hlöðuloftinu á Korpúlfsstöðum. Málið verður tekið fyrir á stjórnarfundum í haust.

Erindi frá Myndstef - Pétur

Stjórn tilnefni einn aðalmann og einn varamann í úthlutunarnefnd Myndstefs. Viðkomandi mun taka til starfa á næsta ári. Stjórn tilnefnir Helgu Óskarsdóttir, aðalmann, og Geirprúði Finnbogadóttur Hjörvar, varamann. Stjórn hefur verið upplýst um vilja til endurnýjunar á samningi við Myndstef um Mugg dvalarsjóð til þriggja ára, 2024-2026.

Vinnustofur og SÍM Residency - Ingibjörg

SÍM á í viðræðum við Fasteignir ríkisins og einkaaðila um húsnæði undir vinnustofur listamanna og SÍM Residency. Þar á meðal eru:

Skipholt 37 - Gestabúð SÍM Residency, vinnustofur og verkstæði listamanna

Austurstræt 5 - SÍM Residency gestavinnustofu prógramm

Hafnarstræti 8 - vinnustofur listamanna

Digranesvegur 5 - vinnustofur listamanna

Stjórn SÍM lýsir yfir fullum stuðningi um áform þessi um vinnustofuhúsnæði og gestavinnustofur SÍM.

Kynning á vinnustofum á Inlandi

Opinn fundur og kynning á vinnustofum á Inlandi fyrir félagsmenn SÍM verður haldinn í húysakynnum SÍM 26./27. júní

Fundi slitið kl 18:38